

## SAMÞYKKT

### um meðhöndlun úrgangs í Sveitarféluginu Skagafirði.

#### I. KAFLI

##### **Almenn ákvæði.**

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hirðu, söfnun og förgun úrgangs, í Sveitarféluginu Skagafirði.

2. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður annast meðhöndlun úrgangs í sveitarféluginu. Undir þetta ákvæði fellur m.a. ábyrgð á móttöku spilliefna og meðhöndlun úrgangs til vinnslu t.d. lífræns úrgangs, landbúnaðarplasts, brotamálma og annars flokkaðs úrgangs í samráði við og undir eftirliti heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra.

Sveitarstjórn sér til þess að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun, t.d. með útgáfu leiðbeininga.

3. gr.

Markmið samþykktarinnar er:

- að lágmarka það úrgangsmagn sem fer til förgunar með því að auka endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs,
- að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs,
- að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem úrganganum veldur.

Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs er lögð til grundvallar samþykkt þessari.

4. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður annast sorphirðu frá íbúðarhúsnæði í sveitarféluginu.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu og móttöku annars úrgangs, þ.m.t. móttöku spilliefna, brotajárns og landbúnaðarplasts. Þeir aðilar sem þetta annast skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Förgun úrgangs skal framkvæmd undir yfirstjórn og á ábyrgð sveitarstjórnar. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum að sjá um förgun úrgangs og samskipti við þá aðila sem við á.

5. gr.

Húsráðendum, svo sem húseigendum og öðrum umráðamönnum húsnæðis, er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við geymslu og meðferð úrgangs sem sveitarstjórn ákveður hverju sinni, í samráði við heilbrigðisnefnd og í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn. Þær skulu staðsettar saman ef um fjölbýlishús er að ræða. Í deiliskipulagi nýrra hverfa skal tekið tillit til sorpgeymslna við skipulagningu.

Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum og sorpílátum eins og þörf krefur til að halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

6. gr.

Við hverja íbúð í þéttbýli skulu vera tvö sorpílát, annað fyrir lífrænan úrgang og óflokkaðan úrgang og hitt fyrir annan flokkaðan úrgang. Sveitarfélagið útvegar ílát.

Í dreifbýli verða íbúar sjálfir að koma úrgangi sínum flokkuðum í sorpgáma sem staðsettir eru á tilteknum stöðum.

## 7. gr.

Í sorpílát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja þann úrgang sem fellur til við venjulegt heimilis-hald í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs. Sorphirðumönnum ber aðeins skylda til að losa viðurkennd sorpílát.

Óheimilt er að láta dýrahræ, garðaúrgang, jarðvegsefni þ.m.t. grjót, múrbrot o.þ.h., brotajárn, húsgögn, raftæki og annan grófan úrgang í sorpílát og gáma. Slíkum úrgangi, skal komið á viðurkenndar móttöku- og söfnunarstöðvar. Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkenndar móttöku- og söfnunarstöðvar.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætt er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Gæta skal þess að fylla ekki sorpílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðanda er heimilt að skila umfram úrgangi á viðurkennda móttökustaði á vegum sveitarfélagsins.

## 8. gr.

Hirða heimilisúrgangs skal fara fram reglulega eftir fyrirfram gerðri áætlun, staðfestri af sveitarstjórn. Íbúum skal kynnt tíðni hirðu úrgangs með hæfilegum fyrirvara.

Allan úrgang sem að mati húsráðenda þarf að losa örur en gert er ráð fyrir samkvæmt áætlun þar um, skal húsráðandi sjálfur og á eigin kostnað losa í móttökustöð eða í viðeigandi gáma á fyrirfram ákveðnum stöðum.

## 9. gr.

Fyrirtæki, stofnanir, bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi skulu sjálf sjá um að koma framleiðsluúrgangi í söfnunarstöð eða móttökustöð. Frágangur og umgengni um sorpílát, svo og flutningur á úrgangi frá þessum aðilum skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar. Staðsetning sorpgáma vegna framleiðsluúrgangs skal vera í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórnar þar um, eða ákvæði deliskipulags.

## II. KAFLI Gjaldtaka vegna meðhöndlunar úrgangs.

## 10. gr.

Sveitarstjórn skal innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur þeim raunkostnaði sem verður til í sveitarféluginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, svo og við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarstjórn er heimilt að haga gjaldskrá fyrir sorphirðugjöld með þeim hætti að það hvetji íbúa til að draga úr sorpmagni sem fer til urðunar.

Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur þjónustunnar.

Gjöld skal miða við fjölda sorphirðuúláta, hvort sem um er að ræða flokkaðan eða óflokkaðan úrgang og tíðni söfnunar. Heimilt er að innheimta sorphirðugjöld hjá fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt magni úrgangs.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

## III. KAFLI Ýmis ákvæði.

## 11. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna meðhöndlunar úrgangs, skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri við veitu- og framkvæmdasvið Sveitarfélagsins Skagafjarðar, framkvæmdaraðila eða til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

Nr. 1125

2. desember 2015

12. gr.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang og annan úrgang á götum, gangstígum við sorpgáma eða á opnum svæðum í sveitarféluginu. Það sama á við um númerlausar bifreiðar, báta eða önnur tæki. Starfsmönnum sveitarfélagsins er heimilt, í umboði heilbrigðisnefndar, að fjarlægja hluti sem eru geymdir þannig að í bága fari við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Heimilt er að undangenginni viðvörun að fjarlægja slíka hluti. Skal viðvörunin vera í formi límmiða, sem festur er á tækið. Viðvörunin skal auðkennnd Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.

Heimilt er að hafa á lögbýlum afmörkuð geymslusvæði fyrir framangreinda hluti og skal leitast við að hafa sjónræn áhrif þeirra í algjöru lágmarki. Öðrum er skyldt að sækja um geymslusvæði fyrir slíka hluti og verða þau erindi afgreidd af veitu- og framkvæmdasviði sveitarfélagsins.

13. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 68. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

14. gr.

Samþykkt þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 771/1999, um sorphirðu í Sveitarféluginu Skagafirði.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 2. desember 2015.*

F. h. r.

**Sigurbjörg Sæmundsdóttir.**

*Laufey Helga Guðmundsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 18. desember 2015